

Mánudaginn 12. febrúar 1968.

Nr. 252/1966. **Gunnar Einarsson**
Marteinn Jónsson og
Svavar Ingibersson (Áki Jakobsson hrl.)
 gegn
Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f
 (Vilhjálmur Þórhallsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Skuldamál. Fjárnám.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 22. desember 1966 og gert þær dómkröfur, að þeim verði dæmd sýkna af kröfum stefnda, að hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði úr gildi felld og að stefnda verði gert að greiða þeim málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð verði staðfest og áfrýjendum dæmt að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann. Þá ber einnig að staðfesta hina áfrýjuðu fjárnámsgerð.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjendur greiði stefnda málskostnað, kr. 6.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámsgerð eiga að vera óröskuð.

Áfrýjendur, Gunnar Einarsson, Marteinn Jónsson og Svavar Ingibersson, greiði stefnda, Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f, málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 6.000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Keflavíkur 8. október 1966.

Mál þetta, sem þingfest var 12. nóvember 1965 og dómtekið 16. f. m., hefur Vilhjálmur Þórhallsson hæstaréttarlögmaður höfðað fyrir dóminum f. h. Skipasmíðastöðvar Njarðvíkur h/f með stefnu, útgefinni 5. nóvember 1965 og birtri 10. s. m., gegn Gunnari Einarssyni, Sólvallagötu 12, Marteini Jónssyni, Kirkjuvegi 28, og Svavari Ingiberssyni, Sólvallagötu 42, öllum í Keflavík, til greiðslu in solidum á skuld að fjárhæð kr. 33.401.55 ásamt 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til 1. janúar 1965, en með 7% ársvöxtum frá þeim degi til 12. júní s. á. og 1% vanskilavöxtum á mánuði og broti úr mánuði frá þeim degi til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt taxta L. M. F. Í.

Stefnandi segir skuld þessa vera til orðna fyrir það, að hann tók að sér að breyta nótabáti í þilfarsbát fyrir stefndu. Hafi hann lagt til efni, aðallega timbur, saum, bolta o. fl. svo og vinnu. Verk þetta, sem unnið var í tímavinnu, var framkvæmt á tímabilinu 29/1 til 12/7 1962, en örlítil viðbótarúttekt hafi átt sér stað 26. nóvember 1963. Segir stefnandi, að verkið hafi átt að greiða eftir reikningi. Heildarúttekt stefndu hafi numið bæði í efni og vinnu alls kr. 249.490.10, en innborganir þeirra hafi alls numið kr. 216.088.58 samkvæmt viðskiptareikningi. Mismunurinn, kr. 33.401.52, sé stefnukrafan í málinu.

Stefndu mótmæla skuldakröfu stefnanda og krefjast sýknu af kröfum hans og þeim tildæmdur málskostnaður úr hendi stefnanda. Segja stefndu, að þeir skuldi stefnanda ekki neitt og hafi þeir að verki loknu greitt stefnanda að fullu, svo sem um hafi verið samið, og Bjarni Einarsson, stjórnarformaður stefnanda, þá gefið út skipasmíðaskírteini 4. júlí 1962 og í því lýst yfir, „að hið umsamda smíðaverð sé að fullu greitt“. Segja stefndu, að er þeim var afhent skírteinið, hafi að fullu verið gengið frá greiðslum og verði og beri þeim því ekki að greiða stefnanda neinar frekari greiðslur. Sé skipasmíðaskírteinið fullnaðarsönnun fyrir því, að skuldbindingum þeirra gagnvart stefnanda sé lokið. Segja þeir, að frá því að skírteinið var gefið út 4. júlí 1962, hafi þeir ekkert heyrt frá stefnanda um neinar kröfur á hendur þeim þar til í bréfi lögmanns stefnanda, dags. 1. apríl 1965, þar sem þeir eru krafðir um greiðslu stefnukröfunnar. Telur lögmaður stefndu, að þessi langi tími staðfesti, að skiptum þeirra hafi verið lokið, „þó stefnandi finni upp á því nú að reyna að hafa fé út úr umbj. m.“. Segir lögmaður stefndu enn fremur (dskj. 7), að

umbjóðendum hans sé ekki kunnugt um, að þeir hafi verið í neinum viðskiptum við Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f, eftir að skipasmíðaskírteinið var gefið út 4. júlí 1962. Þetta segir lögmaður stefndu í bréfi, dags. 7. apríl 1965 (dskj. 7), sem er svar við greiðsluáskorun lögmanns stefnanda, dags. 1. s. m., og krefst hann, að sér verði sendir sundurliðaðir reikningar yfir viðskiptin. Afrit af þessum reikningum var sent stefndu með bréfi umboðsmanns stefnanda, dags. 9. október 1965 (dskj. 8). Hinn 5. nóvember 1965 var stefna útgefin á hendur stefndu.

Lögmaður stefnanda heldur fast við kröfur sínar í málinu. Mótmælir hann því, að yfirlýsingin á skipasmíðaskírteininu (dskj. 11) sé kvittun umbjóðanda síns. Í fyrsta lagi sé yfirlýsing þessi þýðingarlaus í þessu máli og gefin í allt öðrum tilgangi en að ljúka viðskiptum aðilja, enda hafi stefndu greitt kr. 40.000.00 upp í viðskipti sín hinn 13. september 1962, hálfum þriðja mánuði eftir að skírteinið var gefið út. Í öðru lagi væri Bjarni Einarsson ekki fær að gefa fullnaðarkvittun fyrir greiðslu stefndu, þar sem hann var ekki prókúruhafi fyrirtækisins á þessum tíma. Lögð var fram í málinu (dskj. 12) aðiljaskýrsla stefnanda. Segir þar, að hann sem slíkur hafi gefið út skipasmíðaskírteinið á dskj. 11 einvörðungu í greiðaskyni við stefndu, svo að þeir fengju eignarheimild að bátnum og gætu veðsett hann fyrir láni hjá Fiskveiðasjóði Íslands, og enn fremur í trausti þess, að stefndu vefengndu ekki reikningana. Hafi því ekki verið gengið frá reikningsskilum um leið, enda óhægt um vik, þar sem þá hafi verið að vinna við bátinn og reikningar að koma inn. Fullyrðir Bjarni í skýrslu sinni, að svipaður eða sami háttur sé viðhafður í öðrum skipasmíðastöðvum, þegar um útgáfu skipasmíðaskírteinis sé að ræða í sambandi við nýsmíði. Aðiljaskýrsla þessi er lögð fram í málinu 4. febrúar 1966, og hefur henni ekki verið mótmælt af hálfu umboðsmanns stefndu sem rangri og óstaðfestri. Skýrslan hefur ekki verið staðfest fyrir dómi.

Stefnandi hefur enn fremur krafist þess, að eftirtalin ummæli, sem lögmaður stefndu, Áki Jakobsson hæstaréttarlögmaður, viðhefur í greinargerð sinni á dskj. 10 um stefnanda: „hafa fé út úr“ og „sendisveinn“, verði ómerkt og lögmaðurinn dæmdur í réttarfarssekt fyrir þau.

Stefnandi hefur lagt fram í málinu m. a. viðskiptareikning, sem sýnir skuld stefndu, kr. 33.401.52, úttektar- og vinnunótur, afrit af kvittunum stefnanda til stefndu fyrir innborgun þeirra upp í verkið.

Við þingfestingu málsins 12. nóvember 1965 og einnig við næsta þinghald 26. s. m. mætti enginn af hálfu stefndu, en 10. desember s. á. mætir lögmaður stefndu og leggur fram greinargerð og skipasmíðaskírteini, dskj. 10 og 11, sem eru einu varnargögnin af hans hálfu í málinu. Við fyrirtekt málsins 13. maí, 24. júní, 2. september og 16. september s.l. mætti enginn af hálfu stefndu, og var málið dómtekið 16. september s.l. eftir kröfu lögmanns stefnanda.

Málið verður því dæmt samkvæmt 3. mgr. 118. gr. laga nr. 85/1936 eftir framkomnum kröfum, skilríkjum og sókn stefnanda með tilliti til þess, sem fram hefur komið af hálfu varnaraðilja.

Stefndu byggja sýknukröfu sína eingöngu á yfirlýsingunni á skipasmíðaskírteininu um, að „smíðaverðið sé að fullu greitt“.

Stefnandi mótmælir því hins vegar, að skoða beri yfirlýsingu þessa sem kvittun, enda hafi útgefandi skírteinisins ekki haft tök á því að gefa þannig út fullnaðarkvittun fyrir greiðslu á verkinu, þar sem hann hafi ekki verið prókúruhafi fyrirtækisins, en skírteinið hafi verið gefið í greiðaskyni við stefndu, svo að þeir mættu fá eignarheimild yfir bátnum og veðsett hann fyrir láni hjá Fiskveiðasjóði Íslands. Vinna hafi staðið yfir við bátinn á útgáfudegi skírteinisins.

Samkvæmt framlögðum afritum af kvittunum stefnanda fyrir greiðslu stefndu upp í verkkostnaðinn á ýmsum tímum frá 2. febrúar 1962 til 13. september s. á. hefur Loftur Baldvinsson undirritað allar kvittanirnar f. h. stefnanda, en ekki stjórnarformaður fyrirtækisins, Bjarni Einarsson. Þá bera kvittanaafrit þessi með sér, að einn stefndu, Svavar Ingibersson, greiddi kr. 40.000.00 „í reikn. v/nótabáts“ hinn 13. september 1962, eða löngu eftir að stefndu telja, að þeir hafi greitt stefnanda að fullu allar kröfur vegna verksins. Þessi kvittun ber og með sér, að þessi greiðsla sé ekki lokagreiðsla, heldur upp í reikning stefndu hjá stefnanda.

Þá bera framlagðar vinnu- og úttektarnótur það með sér, að unnið hefur verið við bátinn og efni tekið út til hans dagana 2., 3., 4., 5., 6. og 12. júlí 1962. Þá er ein úttektarnótan, kr. 219.80, dagsett 26. nóvember 1963.

Dómurinn telur, að sá háttur sé ekki óalgengur, að skipasmíðastöðvar gefi út slíkar yfirlýsingar í smíðaskírteinum sínum, þótt smíðaverðið sé ekki að fullu greitt, þar eð þær munu oft eiga von á fullnaðargreiðslu í sambandi lántöku eigenda, sem veðtryggð er í nýsmíðinni.

Dómurinn lítur því svo á, að ekki beri að skoða yfirlýsingu stjórnarformanns stefnanda á skipasmíðaskírteininu sem gildandi

fullnaðarkvittun fyrir greiðslu stefndu á öllum viðskiptaskuldum þeirra í sambandi við verkið, enda bera framlögð gögn stefnanda með sér, að viðskiptum þeirra var ekki lokið í sambandi við smíði bátsins hinn 4. júlí 1962. Greiðsla stefndu hinn 13. september 1962 á kr. 40.000.00 til stefnanda rennir og stoðum undir þessa skoðun dómsins. Stefndu hafa ekki lagt fram í málinu reikningsyfirlit af sinni hálfu né heldur neinar beinar kvittanir frá stefnanda fyrir lokagreiðslu verksins.

Stefnandi gerir þá kröfu í stefnu, að stefndu verði dæmdir til að greiða hina umstefndu skuld in solidum. Ekki hefur verk-samningur verið lagður fram, er sýni, á hvern hátt stefndu skyldu greiða verkið, hvort það skyldi greitt sameiginlega af þeim eða pro rata. Kröfu stefnanda um solidariska ábyrgð stefndu hafa þeir ekki mótmælt sérstaklega. Verður þegar af þeirri ástæðu sem og enn fremur af því, að skjöl málsins bera ekki annað með sér en að stefndu hafi í samlagi óskað eftir, að verkið yrði unnið, og þeir síðan gert bátinn út í samlagi undir nafninu Máni, KE 94, að taka kröfu stefnanda um solidariska ábyrgð til greina.

Með tilvísun til framanritaðs verða úrslit máls þessa hér fyrir dómnum þau, að kröfur stefnanda verða teknar til greina að öðru leyti en því, að vextir þykja hæfilega tildæmdir 8% á ári frá 1. janúar 1963 að telja. Ber því að dæma hina stefndu in solidum til að greiða stefnanda kr. 33.401.52 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags.

Stefnandi hefur krafizt þess, að ummæli umboðsmanns stefndu í varnarskjali hans á dskj. 10: „hafa fé út úr“ og „sendisveinn“, verði ómerkt og umboðsmaðurinn dæmdur í réttarfarssekt fyrir þau samkvæmt 1. og 2. mgr. 188. gr. laga nr. 85/1936.

Hið vélritaða orð „sendisveinn“ í varnarskjali nr. 10 er í eintaki því, sem í vörzlu dómsins er, strikað út með penna og handskrifað fyrir ofan það orðið „undirmaður“. Hvort þessi breyting hefur átt sér stað á undan eða eftir að skjalið var lagt fram í dómnum, getur dómurinn ekki sagt um, en þessi breyting er gerð bæði á frumriti því, sem er í vörzlu dómsins, og afriti þess. Hvort sem breytingin hefur átt sér stað fyrir eða eftir framlagningu skjalsins, verður ekki um hið yfirstrikaða orð dæmt þegar af þeirri ástæðu, að umboðsmaður stefndu tekur ummælin „sendisveinn“ aftur með breytingu sinni. Dómurinn telur hins vegar ummælin „hafa fé út úr“ óréttmæt og beri að ómerkja þau, en eftir atvikum verður sektarkrafa stefnanda út af ummælum þessum ekki tekin til greina.

Eftir framangreindum úrslitum ber að álit dómsins að dæma stefndu til þess að greiða stefnanda málskostnað, er þykir hæfilega tildæmdur kr. 7.000.00, og er þá tekið tillit til kostnaðar stefnanda, kr. 960.00, áður en til málssóknar kom, vegna kröfu umboðsmanns stefndu um sundurliðaða reikninga.

Alfreð Gíslason bæjarfógeti kvað upp dóm þenna.

Dómsorð:

Stefndu, Gunnar Einarsson, Sólvallagötu 12, Marteinn Jónsson, Kirkjuvegi 28, og Svavar Ingibergsson, Sólvallagötu 42, allir í Keflavík, greiði einn fyrir alla og allir fyrir einn stefnanda, Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f, Ytri-Njarðvík, kr. 33.401.52 með 8% ársvöxtum frá 1. janúar 1963 til greiðsludags og kr. 7.000.00 í málskostnað, allt innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Ummæli varnaraðilja: „hafa fé út úr“, skulu dauð og ómerk.

Fjárnámsgerð fógetadóms Keflavíkur 7. desember 1966.

Ár 1966, miðvikudaginn 7. desember, var fógetaréttur Keflavíkur settur og haldinn af fulltrúa bæjarfógeta, Jóni Einari Jakobssyni, með undirrituðum vottum.

Fyrir var tekið: Fógetaréttarmálið nr. 153/1966: Skipasmíðastöð Njarðvíkur h/f gegn Gunnari Einarssyni o. fl.

Af hálfu gerðarbeiðanda mætir í réttinum Vilhjálmur Þórhalls-son hæstaréttarlögmaður og leggur fram nr. 1 gerðarbeiðni og nr. 2 birtan dóm bæjarþings Keflavíkur, uppkveðinn 8. október 1966, en birtan 19. nóvember s.l., og krefst fjárnáms til tryggingar dóm-skuldinni, kr. 33.401.52, auk 8% ársvaxta frá 1. janúar 1963 til greiðsludags, kr. 7.000.00 í málskostnað, kr. 400.00 í ritlaun og dómsbirtingu og alls kostnaðar við gerð þessa og eftirfarandi uppböð, ef til kemur.

Gerðarþoli Gunnar Einarsson, Sólvallagötu 12, er ekki mættur í réttinum, en af hans hálfu mætir að tilhlutan fógetans Jóhanna Júlíusdóttir, eiginkona gerðarþola, en hér býr hún, og skoraði fógeti á hana að greiða umkrafða skuld, en hún kveðst ekki greiða.

Skoraði fógeti á mættu að benda á eignir gerðarþola til fjárnáms og brýndi fyrir henni að skýra rétt frá og að það varðaði hegningu að skýra rangt frá fyrir fógetaréttinum.

Mætta kveðst ekki vilja benda á neinar ákveðnar eignir gerðar-

bola til fjárnáms, en upplýsir, að gerðarþoli sé þinglesinn eigandi að efri hæð húseignarinnar Sólvallagötu 12. Umboðsmaður gerðarbeiðanda krefst fjárnáms í þeirri eign.

Fógeti lýsti yfir því, að hann gerði fjárnám í efri hæð húseignarinnar að Sólvallagötu 12, þinglesinni eign gerðarþola Gunnars Einarssonar, til tryggingar framangreindum kröfum og alls kostnaðar, áfallins og áfallandi, að geymdum betri rétti þriðja manns.

Brýndi fógeti fyrir mættu að tilkynna gerðarþola gerðina og að ekki mætti ráðstafa hinu fjárnumda á nokkurn þann hátt, er í bága færi við gerð þessa, að viðlagðri refsíðabyrgð að lögum.

Mánudaginn 12. febrúar 1968.

Nr. 112/1967. **Vilhjálmur S. Jóhannsson**

(Guðlaugur Einarsson hrl.)

gegn

Indriða Björnssyni

(Kristinn Sigurjónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Fjárnám. Frávísun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 28. ágúst 1967. Gerir hann þær dómkröfur, að honum verði dæmd sýkna af kröfum stefnda, að hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði úr gildi felld og stefnda dæmt að greiða honum málskostnað hér fyrir dómi.

Stefndi hefur krafizt þess, að hinn áfrýjaði dómur og hin áfrýjaða fjárnámssgerð verði staðfest og áfrýjanda dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti.

Héraðsdómurinn í máli þessu var uppkveðinn 25. marz 1966. Áfrýjunarfrestur samkvæmt 1. mgr. 20. gr. laga nr. 57/1962 var liðinn, þegar áfrýjandi áfrýjaði málinu, og hann hafði eigi aflað áfrýjunarleyfis samkvæmt 4. mgr. 20.